

# Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Innrimel 3, 301 Akranes

kt. 550399-2299

## FUNDARGERÐ

### 139. FUNDAR HEILBRIGÐISNEFNDAR VESTURLANDS

Mánudaginn 7. nóvember 2016 kl: 16:00 var haldinn fundur hjá Heilbrigðisnefnd Vesturlands í stjórnsýsluhúsi Hvalfjarðarsveitar í Melahverfi.

#### Á fundinum voru:

Ingibjörg Valdimarsdóttir (IV), formaður  
Eypór Garðarsson (EG), varaformaður  
Hulda Hrönn Sigurðardóttir (HHS)  
Sigrún Guðmundsdóttir (SG)  
Trausti Gylfason (TG)  
Ragnildur Sigurðardóttir (RS)  
Brynja Þorbjörnsdóttir (BP)

Á fundinum voru auk nefndarmanna Helgi Helgason framkvæmdastjóri og Ása Hólmarsdóttir heilbrigðisfulltrúi sem ritaði fundargerð. Ingibjörg Valdimarsdóttir formaður bauð fundarmenn velkomna og var síðan gengið til dagskrár.

#### 1. Fjárhagsáætlun 2017.

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir helstu liði fjárhagsáætlunar og greindu frá launahækkunum sem farið höfðu fram úr fyrirbyggjandi áætlun 2016.

Ljóst er því að hækka þarf tekjuhlið áætlunar 2017 til þess að mæta þessum útgjaldauka. *Fjárhagsáætlun 2017 samþykkt samhljóða með 20 % hækkun á tímagjaldi (14.381) og 15 % hækkun á beinu framlagi sveitarfélaganna. Framkvæmdastjóra falið að senda sveitarfélögum á Vesturlandi fjárhagsáætlun 2017 til samþykktar.*

#### 2. Úrskurður kjararáðs frá 31. október s.l

Rætt var um úrskurðinn og hvaða afleiðingar hann hefði á rekstur Heilbrigðisnefndar. *Samþykkt að frá og með 1. janúar 2017 verði greidd út laun til stjórnarmanna í júní og desember í samræmi við greiðslur sveitarfélaga fyrir nefndarstörf.*

#### 3. Starfsleyfi

Þvottahúsið Hótelþvottur ehf, Bifröst. – *Nýtt*  
Veitur ohf, Svelgsárhrauni, Stykkishólmi- *Endurnýjun*  
Veitur ohf, Fossamelum, Borgarbyggð - *Endurnýjun*

*Heilbrigðisnefndin staðfestir ofangreind leyfi.*

#### 4. Umsagnir til sýslumanns – Rekstrarleyfi veitinga- og gististaða.

Kría Guesthouse, Kveldúlfsgata 27, Borgarnesi, Gistiheimili - *Endurnýjun*  
Samkaup hf., Samkaup Strax, Búðardal. Veitingar – *Endurnýjun*

Lágskógar ehf, Víðines 21, Hreðavatnsland, Borgarbyggð. Frístundahús, Gisting – *Nýtt*  
Grundarbraut 42, Ólafsvík. Íbúð., gisting – *Nýtt*  
Farfuglar SES, Farfuglaheimilið Borgarbraut 9-13, Borgarnesi. Gisting - *Nýr rekstraraðili*  
Víkurgata 5, Stykkishólmi. Heimagisting. – *Endurnýjun.*  
E59 ehf, E59 Grundargötu 59, Grundarfirði, Veitingar- *Nýr rekstraraðili*  
Sauðafell, Dölum, eldra íbúðarhús. Heimagisting. – *Nýtt*

*Heilbrigðisnefndin staðfestir ofangreindar umsagnir*

**5. Umsagnir til sýslumanns vegna tækisfærisleyfa.**

Félagsheimilið Brún Bæjarsveit. Nemendafélag Landbúnaðarháskóla Íslands,  
skemmtun 27. október s.l.

Hjálmaklettur Borgarnes, Körfuknattleiksdeild Skallagríms, Herrakvöld-fjáröflun, skemmtun  
28. október s.l

Íþróttahúsið Jaðarsbökkum, Knattspyrnufélag ÍA, Uppskeruhátíð árgangamóts 12.  
nóvember n.k

Félagsheimilið Þinghamar, árshátíð nemendafélags Landbúnaðarháskóla Íslands 19. nóv' 16

*Lagt fram*

**6. Tóbakssöluleyfi- Gildir í 4 ár.**

Samkaup hf, Nettó Borgarnesi. Ábyrgðarmaður Ómar Valdimarsson.

*Ofangreint leyfi staðfest*

**7. Aðrar umsagnir**

-Umsögn vegna teikninga send Basalt arkitektum vegna breytinga og stækkunar á Hótel  
Reykholti (Fosshótel).

-Umsögn send eiganda Narfeyrarstofu vegna teikninga að breyttu/nýju húsnæði  
veitingastaðarins.

- Umsögn send skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar vegna deiliskipulagslýsingar á  
frístundasvæði á Hvanneyri.

- Umsögn send skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar vegna lýsingar á tillögu að  
skipulagsbreytingu aðalskipulags fyrir Borgarbraut 55 – 59 í Borgarnesi.

*Lagt fram.*

**8. Önnur mál**

- **Samþykkt um hundahald í Hvalfjarðarsveit 24.10' 16 frá Umhverfis- og  
auðlindaráðuneyti.**

*Lagt fram.*

- **Salernisaðstaða á ferðamannastöðum** til varnar útbreiðslu sýkla og sýklalyfjaónæmra  
baktería. Bréf frá sóttvarnarlækni til framkvæmdastjóra Sambands Íslenskra  
sveitarfélaga frá 19. október s.l.

*Lagt fram*

- **Aðalfundur Samtaka Heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) , 11. október s.l**  
*Framkvæmdastjóri greindi frá helstu atriðum aðalfundarins.*
- **Haustfundur HES (Heilbrigðiseftirlitssvæðin) 11. og 12. október s.l.**  
*Starfsmenn HeV fóru yfir helstu atriði í dagskrá haustfundarins.*
- **Bensín afgreiðsla við Breiðblik.** Athugasemdafrestur vegna auglýsts starfleyfis rennur út 10. nóvember nk.  
*Heilbrigðisnefnd samþykkir að gefa út auglýst starfsleyfi að því gefnu að ekki berist athugasemdir við starfsleyfið.*
- **Merki (logo) HeV. – Ákvörðun.**  
*Heilbrigðisnefnd samþykkir að merki HeV verði gráir stafir með heiti HeV við hlið upphafsstafa í dökkkrænum, ljósgrænum og hvítum lit.*
- **Fundur með fulltrúum rekstraraðila Silicor Materials á Grundartanga þann 26. október.**  
Fundur haldinn í stjórnarsýsluhúsi Hvalfjarðarsveitar með fulltrúum sveitarfélagsins, slökkviliði, HeV og rekstraraðila Silicor Materials.  
*Framkvæmdastjóri greindi frá umræðum á fundinum.*
- **Fundaáætlun HeV fyrir árið 2017.**  
Tillaga að fundardögum 2017:  
30. janúar, 27. mars (með fyrirvara um að endurskoðaðir reikningar verði tilbúnir), 15. maí, 26. júní, 4. september, 23. október og 11. desember.

Næsti fundur verður mánudaginn 12. desember n.k

*Samþykkt.*

**Fundi slitið kl: 16:59**